



Reykjavík, 23. júní 2026
MIR26060016

ERINDISBRÉF

Starfshópur um frístundakort fyrir 67 ára og eldri

Ábyrgðaraðili:

Steinþór Einarsson, sviðsstjóri Menningar- og íþróttasviðs

Inngangur:

Hlutverk starfshóps þessa er í samræmi við áherslur meirihlutans um að innleiða frístundakort með tekjutengingu fyrir 67 ára og eldri.

Í Reykjavíkurborg hafa börn og barnafjölskyldur um árabil notið góðs af frístundastyrk sem styður börn til þátttöku í íþróttum og öðrum tómstundum með því að mæta kostnaði sem fellur til vegna þátttöku barna í skipulögðu starfi. Sambærilegur styrkur til handa eldri borgurum hefur ekki verið tekinn upp í Reykjavík en önnur sveitarfélög hafa boðið upp á slíkar styrkveitingar með ólíkum útfærslum.

Nú er fyrir hendi vilji af hálfu meirihlutans á því að taka upp frístundastyrk/frístundakort með tekjutengingu fyrir fólk 67 ára og eldri. Styrknum er ætlað að styðja við heilsu, virkni og lífsgæði á efri árum.

Ljóst er að eldra fólk er fjölbreyttur hópur með missterka fjárhagsstöðu. Fyrir suma er lítið mál að greiða fyrir námskeið eða líkamsrækt, en fyrir aðra getur kostnaðurinn ráðið úrslitum.

Í tengslum við rýni hópsins er rétt að líta til þess að ýmis sérkjör eru þegar í boði fyrir eldri borgara á starfsstöðum borgarinnar. Er starfshópnum falið að skoða hvort og að hvaða leyti eðlilegt má telja að tilkoma frístundastyrk eigi að hafa áhrif á fyrirliggjandi sérkjör.

Málefnið fellur vel að íþrótt- og lýðheilsustefnu borgarinnar sem og markmiðum laga um félagsþjónustu sveitarfélag og laga um málefni aldraðra, þar sem áhersla er lögð á sjálfsstæði þátttöku og vellíðan, ekki síst á efri árunum.

Hlutverk:

- Starfshópnum er ætlað að vinna tillögur að útfærslu tekjutengds frístundastyrks fyrir 67 ára og eldri.



Reykjavík



- Í því felst að vinna fyrstu drög að reglum um slíkan frístundastyrk þar sem m.a. eru sett viðmið um hvers konar íþróttir og tímstundir geti talist styrkhæf og hvaða tekjuviðmið skuli leggja til grundvallar.
- Starfshópnum er jafnframt ætlað að kostnaðarmeta tillögur m.v. þær forsendur að hámarks frístundastyrkur til handa 67 ára og eldri geti numið kr. 60.000,- á ári.

Starfshópin skipa:

Jóhanna Garðarsdóttir, deildarstjóri tölfræði og upplýsingatækni á menningar- og íþróttasviði, formaður

Þórunn Þórðardóttir, sérfræðingur á skrifstofu fjármálaþjónustu og innkaupa hjá fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar

Þórhildur Egilsdóttir, deildarstjóri á skrifstofu Öldrunarmála á velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Starfsmaður starfshópsins:

Úlfhildur Flosadóttir, verkefnastjóri á menningar- og íþróttasviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum eigi síðar en 21. ágúst 2026.

Reykjavík, dags. X.X.2026